



# BIVA - Gjörgæslan

Á **BIVA** hittið þið barnið ykkar fyrst eftir aðgerð. Það getur liðið nokkur tími, e.t.v. 2 klst, frá því aðgerð lýkur þar til þið fáið að sjá barnið. Það er eðlilegt.

Barnið dvelur þar í fáeina daga, í höndum sérþjálfaðra hjúkrunarfræðinga, þar til góður skriður er kominn á líkamsstarfsemina. Þá fer það á deild 67, Barnahjartadeildina.



**Símanúmer** gjörgæsludeildarinnar er **046-178-220** (úr íslensku númeri: +46 46-178220). Þið getið hringt í þetta númer hvenær sem er sólarhringsins, beinn **sími** er inn á herbergi barnsins.

## Hvernig líður barninu?

Einfalda svarið er: *Vel*. Barninu er haldið sofandi fyrst um sinn og einnig fær það verkjalyf eftir þörfum til að koma í veg fyrir að það finni til.

Mörgum getur brugðið við að sjá barnið fyrst vegna allra **leiðslanna** sem tengdar eru við það. Munið að þetta er allt saman eðlilegt og leiðslum fer mjög fljótt fækkandi.

## Líkamshiti og vökvajafnvægi

Barnið getur verið nokkuð **kalt** viðkomu allra fyrst, sérstaklega á höndum og fótum. Þetta er alveg eðlilegt og barnið finnur ekki fyrir kulda. Eins og margt annað, getur líkamshitinn breyst og þá eru kannski settir í gang **hitalampar** eða barnið jafnvel þakið klakapokum!

Eftir aðgerðina myndast **vökvi** í líkamanum og barnið þrútnar og virkar „útblásið“. Þetta ástand er eðlilegt og nær oft hámarki daginn eftir aðgerð en lagast svo hratt eftir það.

## Skurðurinn

Yfirleitt er skurðinum lokað strax eftir aðgerð en fyrir kemur að honum er haldið opnum, í 1-2 sólarhringa. Þetta er aðallega gert til að minnka þrýsting á hjartað. Þá er skurðurinn ekki saumaður strax saman heldur er stórt límplast límt yfir hann til að hylja sárið.

## Hvaða tæki og leiðslur eru þetta út um allt?

Flest tækin eru til að **fylgjast með** líkamsstarfsemi, s.s. blóðþrýstingi, súrefnismettun og hita. Önnur stjórna **dreyppi** fyrir lyf eða næringarvökva og eru þau ekki öll í notkun, heldur eru sum aðeins tilbúin ef breyta þarf lyfjagjöf. Svo er **dren**, nokkuð sver slanga (ein eða tvær), sem losar vökva og smávægilegar blæðingar úr brjósthóli. Drenið er sjaldan mjög lengi í barninu. **Æðaleggir** eru til að gefa barninu lyf og taka blóðsýni.

Yfirleitt er það hættulaust að leiðsla detti úr sambandi um stund. Hún verður bara tengd aftur.

## Heimsóknir

Þið getið verið eins mikið á deildinni og þið viljið. Eigi barnið systkini er mikilvægt að það geti komið í stuttar heimsóknir en mælst er til að eingöngu 1-2 gestir verði í einu hjá barninu.

## Opnunartími

Gjörgæsludeildin er opin alla daga frá 7:00-19:00, en á öðrum tímum hringir maður dyrabjöllu.

Aðalinngangur Barnasjúkrahússins (*BUS huvudentré*) er opin allan daga 7:00-18:00 annars þarf að fara í gegnum aðalinnganginn í aðalbyggingunni (*Blocket*) eða við Bráðamóttöku barna (*Barnakuten*). Svo er hægt að fara beint um kjallarann ("kulverten") m.a. frá Sjúklingahótelinu.

## Hreinlæti

Mikilvægt er að að þvo hendur og nota **handspritt** fyrir og eftir heimsóknir. Séu menn kvefaðir, með hósta eða þ.u.l, skal ráðfæra sig við starfsfólk BIVA áður en barnið er heimsótt. Við magaveiki er ráðlagt að gestir séu einkennalausir í a.m.k. 2 sólarhringa fyrir heimsókn.

## Fjölskylduherbergið ("Anhörigrummet")

Hér er hægt að borða og hvíla sig. Það er boðið upp á **drykki** (mjólk/djúskaffi/te) í ísskápnnum.

Hægt er að **hringja** gjaldfrjálst, og tengjast þráðlausu **Interneti** með gegn föstu, vægu gjaldi.

Í **Foreldramöppunni** í Fjölskylduherberginu eru ýmsar upplýsingar um Barnasjúkrahúsið auk upplýsinga um Lund. Möppuna er líka að finna inni á öllum sjúkrahöfudum.

## Farsímar, tölvur og myndavélar

**Farsímar** mega vera á *Flight mode* en ekki má tala í þá nema í Fjölskylduherberginu.

Myndavélar skulu vera á lágri hljóðstillingu. Spyrjið um leyfi áður en þið myndið annað fólk.

**Tölvur** má nota í Fjölskylduherberginu (Anhöringsrummet) en **ekki** inni á sjúkrahöfudum. Greiða þarf netaðgang fyrirfram á spítalanum. Spyrjist nánar fyrir um það hjá starfsfólkinu.

## Hvað á ég að gera?

**Horfið meira á börnin en mælitækin!** Hjúkrunarfræðingarnir eru sérfræðingar í tækjunum en þið þekkið börnin ykkar best allra. Það getur haft vond áhrif að sökkva of djúpt í tölurnar og getur vakið óþarfa áhyggjur.

**Hikið ekki við að spyrja – um hvað sem er!** Ekki vera hrædd um að gera ykkur að fíflum. Þeir hafa örugglega fengið miklu verri spurningar. Spurningar geta jafnvel hjálpað til, því enginn þekkir barnið betur en þið sjálf.

**Sofið "heima" á nóttunni.** Meðan barnið er á gjörgæslu er ekki brýn þörf á stöðugri nærveru foreldra. Skynsamlegt er að hvíla sig eins og hægt er meðan barninu er haldið sofandi.

**Lesið eða vafrið um Netið.** Gott er að bregða huganum öðru hverju út úr gjörgæsluheiminum og grípa til bókar eða hverfa um stund inn í netheima.

**Takið barnið upp.** Eftir að barnið er vaknað má fljótlega taka það í fangið. Það getur verið svolítið snúið vegna leiðslanna, en biðjið hjúkrunarfræðinginn á vakt að hjálpa ykkur við það. Spyrjið hvort þið megið gefa því brjóst eða vatn að drekka.

**Bregðið ykkur frá.** Hægt er að víkja sér aðeins frá t.d. inn á setustofu og kíkja á sjónvarpið eða fá sér í svanginn. Svo er ágætt að nota tækifærið, meðan barnið er enn á gjörgæslu, að skreppa frá spítalanum ef færi gefst. Jafnvel að fara saman út að borða og/eða versla.